

Nd.

318. Frumvarp til laga

um skráning skipa.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 312 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Lögsagnarumdæmi hvert er skipaskráningarumdæmi, en lögreglustjórar hafa skráningu skipa á hendi. Skipaskráningarstofan löggildir skipaskrár fyrir hvert skipaskráningarumdæmi, en fiskiskipaskráin má vera lausblaðabók.

Skipaskrár skulu vera þrjár:

1. Skrá yfir öll farþega-, vöruflutninga- og fiskiskip með þilfari, 30 rúmlesta og stærri.
2. Skrá yfir öll fiskiskip án tillits til stærðar, eða hvort þau eru með þilfari eða ekki.
3. Skrá yfir öll önnur skip,
Skipaskráningarstofan skal halda aðalskipaskrá ásamt efnisskrá yfir öll skip, sem skráð eru hér á landi.

Ekkert skip má stunda fiskiveiðar, nema það hafi verið skráð á fiskiskipaskrá og fengið fiskiveiðaskírteini.

Ef skip, sem skráð hefur verið sem fiskiskip og stundað hefur fiskveiðar og er meira en 350 smálestir, hættir veiðum eða flutningum með ísvarinn fisk og er jafnframt tekið til annarra afnota, skal afhenda fiskveiðaskírteinið til skráningarstjóra í því umdæmi, sem skipið á heima í, og skal þá þegar afmá umdæmisbókstafi og tölur af því. Þetta gildir þó ekki um skip, sem smíðuð hafa verið sem fiskiskip eða síðar breytt í fiskiskip, þótt þau séu yfir 350 smálestir. Sé ágreiningur um flokkun skipanna, sker ráðherra úr, að fengnum tillögum skráningarstjóra.

Hefji skipið fiskveiðar eða flutninga á ísvörðum fiski á ný, skal afhenda því fiskveiðaskírteinið og mála á það umdæmisbókstafi og tölur.